

## Fundargerð háskólaráðs

338. fundur þann 25. nóvember 2013

fundaherbergi 262, Borgum, kl. 13.40 til kl. 15:00

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 13.40.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra

✓ Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

✓ Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Boðuðu forföll:

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Gestir:

Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð 337. fundar, mál til kynningar

Fundargerðin var samþykkt.

Rektor greindi frá fundi sínum með fulltrúum fjármálaráðuneytis, fjármála- og mannauðsdeildar, vegna ráðningar forseta hug- og félagsvísindasviðs, en rektor óskaði eftir þeim fundi. Það er mat fulltrúa ráðuneytisins, að fenginni skýrslu rektors um ferlið, að ráðning í stöðuna hafi að öllu leyti verið samkvæmt lögum og reglum sem um slíkar ráðningar gilda.

HGA JLG  
JLG HGA

Rektor sagði frá fundi verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna 22. október. Gerði hann grein fyrir þeim upphæðum sem verkefnisstjórnin áætla til sameiginlegra verkefna háskólanna árið 2014. Á fund verkefnisstjórnar kom Anna Marsibil Clausen formaður nýstofnaðra Landssamtaka íslenskra stúdenta, en þau voru stofnuð í HA 3. nóvember. Lauk hún miklu lofsorði á nemendur, starfsfólk og aðstöðu alla í HA. Stjórnarmeðlimir FSHA hafa verið mjög virkir í að undirbúa félagsstofnunina.

Þá greindi rektor frá fjölda nemenda sem farið hafa í nemendaskiptum milli HA og HÍ síðustu þrjú misseri.

## 2. Rekstraryfirlit janúar-október, fjármál

*"[málsnúmer]"*

Úlfar dreifði yfirliti og útskýrði það. Staða fræðasviða er 89,99% af áætlun, staða stjórnsýslu/stoðþjónustu 76,03% af áætlun og staða ýmissa verkefna 64,84% af áætlun. Staða skólans í heild er því 82,15% af áætlun en viðmiðið er 83,33%.

Eftir er að færa tekjur á móti kostnaði á rekstur fræðasviðanna, vegna rannsóknamissera og verkefna. Í rekstri stofnana og setra með eigin tekjur eru lítil frávik frá áætlun.

Fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir 2014 eru tilbúin. Niðurstöðutalan er -27 mkr.

Auk þess gerir ríkið kröfu um 10 mkr. í rekstrarafgang. Opinbert framlag lækkar um 1,5% milli ára 2013 og 2014.

Framkvæmdastjórn vinnur áfram að gerð áætlunarinnar. Aðgerðir til sparnaðar sem kynntar verða fyrir háskólaráði 13. desember nk. munu skila árangri 2014 en einnig vísa til framtíðar.

Á þessu stigi er ekkert vitað um boðaða aukna samvinnu eða samruna háskóla.

Háskólaráð lýsti ánægju sinni með hversu vel tekist hefur að halda rekstraráætlun háskólans undanfarin ár.

Rektor þakkaði Ólafi og Úlfari fyrir og fóru þeir af fundinum.

### 3. Kynningarmál, Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs

Kristín kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Sagði hún frá því hvernig hún mun haga áherslum í kynningarstarfi háskólans. Nokkrir áherslupunktur:

- Háskólinn þarf að gæta þess að kynna sig í héraðsmiðlum, halda heimafólki upplýstu.
- Mikil kynning fer fram í gegnum Facebook og aðra vefsamskiptamiðla.
- Vefur háskólans er aðal markaðstæki hans.
- Prentaður bæklingur verður smækkuð mynd af vefnum.
- Kynning á námi verður byggð upp með áherslu á námsgreinar og námsleiðir. Þ.e. hvað nemendur læra og hvernig tengja má við atvinnumöguleika.
- Í kynningu verður undirstrikuð sérstaða háskólans hvað námsframboð snertir, bæði námsgreinar, inntak náms og möguleikar í fjarnámi.
- Kynnt verður hvernig það er að vera háskólanemi á Akureyri, m.t.t. umhverfis og þjónustu, Akureyri er háskólabær. Möguleiki á markaðsátaki í samvinnu við Akureyrarbæ.
- Stofna mætti markaðsráð innan HA með fulltrúum af hverju sviði til að auka yfirsýn og samræmi í kynningu.
- Tækifæri til kynningar felast í nábylinu við RÚV.
- Mjög mikilvægt er að háskólinn efni þau loforð sem gefin eru í kynningu.

Eftir umræður og fyrirspurnir þakkaði rektor Kristínu fyrir og fór hún af fundinum.

Háskólaráð lýsti ánægju með það sem fram kom um kynningarmál.

### 4. Skipun jafnréttisráðs

1301001

Frestað.

### 5. Reglur um doktorsnám við HA

1211055

Rektor kynnti drög að reglum um doktorsnám og doktorspróf við HA samþykkt af samráðsnefnd um framhaldsnám 1. nóvember 2013. Háskólaráð samþykkti að senda þær

HA  
HG  
HK

með umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA.

Reglurnar munu fara til frekari kynningar og koma aftur fyrir háskólaráð til samþykktar ef heimild fæst.

Gert er ráð fyrir að fræðasviðin setji sér síðan fyliri reglur um doktorsnám, byggðar á reglum háskólans.

Fram kom sú athugasemd að í reglunum væru engin ákvæði varðandi síðfræði eða ábyrgð doktorsnema á reglulegri skráningu og tók háskólaráð undir hana. Hermína mun hafa samband við samráðsnefnd um framhaldsnám um þetta.

6. Reglur um Heilbrigðisvísindastofnun HA – HHA

*1311042*

*1311043* Starfsreglur stefnunefndar Sjúkrahússins á Akureyri og HA

Háskólaráð samþykkti Reglur um Heilbrigðisvísindastofnun HA og starfsreglur stefnunefndar Sjúkrahússins og HA.

7. Reglur um gæðaráð HA, breyting

*0804017*

Háskólaráð samþykkti eftirfarandi breytingu á II gr. reglnanna:

Í fyrsta málslið bætist við: „/forstöðumaður nemendaskrár“. Setningin verður svohljóðandi: „Í gæðaráði sitja rektor í forsæti, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, forstöðumaður kennslusviðs/forstöðumaður nemendaskrár, gæðastjóri háskólans, auk tveggja fulltrúa nemenda sem FSHA tilnefni og tveggja fulltrúa sem starfsmenn tilnefna.“

8. Skipun dómnefndar HA

*1303013*

Háskólaráð samþykkti skipun eftirfarandi í dómnefnd háskólans 2013-2015:

Sigurður Kristinsson prófessor, tilnefndur af háskólaráði, formaður dómnefndar.

Varamaður hans er Rannveig Björnsdóttir dósent.

Elín Díanna Gunnarsdóttir dósent, tilnefnd af háskólaráði, varaformaður dómnefndar.

Varamaður hennar er Hermann Óskarsson prófessor.

Ragnhildur Helgadóttir prófessor í HR, tilnefnd af menntamálaráðherra.

Varamaður hennar er Þórólfur Þórlindsson prófessor, HÍ.

## 9. Önnur mál

Rektor kynnti *Skýrslu um viðbótarnám á meistarastigi í starfsendurhæfingu.*

Um er að ræða samstarfsverkefni HA og HÍ. Af hálfu HA unnu skýrsluna Guðrún

Pálmadóttir dósent og Kristjana Fenger lektor við heilbrigðisvísindasvið.


Lagt er til diplómunám í starfsendurhæfingu í samstarfi HA og HÍ. Nýtt er námsframboð beggja háskólanna sem fyrir er, en við bætast tvö námskeið, eitt í hvorum skóla.

Skýrslan er lögð fram til kynningar og mun fara til frekari vinnslu, sbr. reglur háskólans um nýtt námsframboð.

Háskólaráð samþykkti breytta tillögu frá hug- og félagsvísindasviði að varafulltrúa í stjórn rannsóknasjóðs. Kjartan Ólafsson lektor verður skipaður varafulltrúi í stjórnina.

Næsti fundur var ákveðinn 13. desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

  
The block contains four handwritten signatures in blue ink. The first signature is the most prominent and appears to be 'Hanna Gunnarsdóttir'. Below it are three other signatures, which are less legible but appear to be 'Hanna Gunnarsdóttir', 'Hanna Gunnarsdóttir', and 'Hanna Gunnarsdóttir'.